

Sveitarfélagið Ölfus  
b/t Kristinn Pálsson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 13. nóvember 2019  
UST201911-082/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Breyting- Aðalskipulag Ölfuss 2010 - 2022 - Gljúfurárholt**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ölfus er barst 11. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á Aðalskipulag Ölfuss 2010 – 2022 fyrir Gljúfurárholt.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að frístundasvæðið F11 er fellt út og svæðið skilgreint sem landbúnaðarland, um 15 ha, og svæði fyrir þjónustustofnanir (S9) á allt að 2 ha.

Í greinargerð kemur auk þess fram að á svæði S9 er heimilt að hafa þjónustukjarna og íbúðir og/eða stök hús, allt að 1500 m<sup>2</sup>. Heimilt verður að reisa allt að fjögur starfsmannaíbúðir/hús sem tengjast rekstri heimilisins, allt að 600 m<sup>2</sup>. Heimilt er að hafa mannvirkji á 1-2 hæðum.

#### **Ásýnd**

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segir að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirkji geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna súlfraumkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.*“

#### **Vistgerðir**

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra

útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins (S9) m.a. vistgerðirnar starungsmýravist og runnamýravist á láglendi sem eru með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnað verndar.


Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóuþræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps. Umhverfisstofnun bendir á að lóuþræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingareitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

#### Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson  
sérfræðingur